

**Stofnanasamningur  
milli  
Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands og  
SFR – stéttarfélags í almannajónustu**

**1. Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi tekur til félagsmanna í SFR – stéttarfélagi í almannajónustu, sem ráðnir eru til starfa hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra frá 9. mars 2005.

**2. Röðun starfa í launatöflu**

Um röðun starfa í launatöflu fer eftir starfsmatskerfinu SKREFi.

Störf raðast inn í launatöflu skv. eftirfarandi töflu frá 1. maí 2006:

Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.
120	005	230	016	550	027
130	006	240	017	600	028
140	007	250	018	650	029
150	008	260	019	700	030
160	009	280	020	750	031
170	010	300	021	800	032
180	011	325	022	850	033
190	012	350	023	900	034
200	013	400	024	950	035
210	014	450	025	1000	036
220	015	500	026		

Frá 1. maí 2007 raðast störf inn í launatöflu skv. eftirfarandi töflu:

Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.	Stigafjöldi	Launafl.
120	006	230	017	550	028
130	007	240	018	600	029
140	008	250	019	650	030
150	009	260	020	700	031
160	010	280	021	750	032
170	011	300	022	800	033
180	012	325	023	850	034
190	013	350	024	900	035
200	014	400	025	950	036
210	015	450	026	1000	037
220	016	500	027		

## 2.1. Hæfnismat

Þegar starf hefur verið metið samkvæmt starfsmatskerfinu SKREFi, skal meta hæfni starfsmanna sem er umfram það sem starfið krefst.

Yfirmaður metur hæfni starfsmanna sinna í samráði við starfsmatsstjóra. Matið er gert við fastráðningu í starf og er endurskoðað í árlegu starfsmannasamtali og við lok árs mats hverju sinni.

Eftirfarandi þættir eru metnir í hæfnismati:

### A – Þekking

1. Menntun, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

#### *a) Formlegt háskólanám*

Diplómanám – 45 einingar	20 stig
Háskólapróf BA/BS – 90 einingar	40 stig
Háskólapróf BA/BS – 120 einingar	50 stig
Háskólapróf MA/MS eða sambæril.	70 stig
Háskólapróf Dr. eða sambæril.	90 stig

#### *b) Annað nám á háskólastigi*

Stakar einingar sem ekki hafa þegar verið metnar í formlegu háskólanámi. Hverjar 5 einingar eru metnar til 2 stiga, allt að 45 einingum.

#### *c) Starfsnám/símenntun*

Nám, allt að 60 klst.	4 stig
Nám, allt að 120 klst.	8 stig
Nám, allt að 200 klst.	16 stig

Að jafnaði skal ekki meta starfsnám/símenntun sem er eldra en tíu ára.

2. Fyrri reynsla, sem nýtist í starfi og er umfram þær kröfur sem gerðar eru til starfsins samkvæmt starfsmati.

Við upphaf ráðningar skal meta fyrri reynslu sem nýtist í starfi. Hér er aðallega átt við starfsreynslu þar sem hvert ár er metið til 4 stiga, að hámarki 32 stig alls. Önnur reynsla, sem nýtist í starfi, getur einnig komið til mats að hámarki 32 stig. Fyrri reynsla verði því metin mest í hæfnismati 32 stig.

### B - Árangur í starfi

Stig úr árlegu ársmati koma til uppsöfnunar, að lágmarki 4 stig á ári fyrir fullt starf og að hámarki 7 stig á ári.

### **3. Endurskoðun**

Endurskoða skal samning þennan í samræmi við 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra.

### **4. Gildistími**

Samningur þessi gildir frá 24. maí 2006.

Reykjavík, 24. maí 2006

Fh. SFR – stéttarfélag í almannajónustu

Fh. Raunvísindastofnunar HÍ

## **Bókanir**

með stofnanasamningi SFR – stéttarfélags í almannajónustu og  
Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands

### **Bókun 1**

Tryggt skal að dagvinnulaun félagsmanna SFR sem eru í starfi hjá RHÍ við undirritun  
samningsins hækki að lágmarki um 3% (einn launaflokk) til og með 1. maí 2007.  
Hækkunin er umfram hækkun launatöflu 1. janúar 2007.

### **Bókun 2**

Samningsaðilar eru sammála um að finna þurfi lausn á því hvernig hægt er að samræma  
launatengingu starfsmatsins innan RHÍ við aðrar sambærilegar stofnanir sem nota  
starfsmatskerfið SKREF.